



Námsgrein: Myndmennt 5. bekkur

Vikustundir:

Kennari: Anna Svava Sólmundardóttir

Samstarfsfólk:

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Þekki frumlitina og geti gert einfaldar litablöndur. Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 	Innlögn um frumliti og litablöndun og grunnform	Möppugerð. Nota grunnliti til skreytinga. Nemendur mála með frumlitum á möppuna sína og blanda saman frumlitunum. Mála grunnformin með litunum.	<p>Við mat á verkefnum verður tekið mið af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá og skólanámskrá. Námsmat birtist á hæfnikorti nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgir fyrirmælum Umgengi Hegðun Sjálfstæð vinnubrögð
1 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Þekki hugtakið tákmynd Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta sér sjónræna eiginleika þegar teiknað er eftir fyrirmynd. 	Leikir Umræður og spurnaraðferðir	Nemendur fá fyrirmæli frá kennara að teikna ákveðinn hlut. Myndir bornar saman og ræddar. Nemendur teikna mynd samkvæmt munnlegri lýsingu bekkjarfélaga.	
1-2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Þekki hugtökin sjónarhorn og uppstilling 	Umræður og kveikja um sjónarhorn og hvað skiptir máli.	Sjónarhorn. Nemendur teikna skóinn sinn frá mismunandi sjónarhornum. Nemendur teikna skóinn frá þremur hliðum: ofan frá, neðan frá og frá hlið.	



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
1 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif og eru heitir/kaldir Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 	Innlögn um heita og kalda liti	Dagur og nótt. Nemendur rissa upp tvær samskonar landslagsmyndir. Önnur verður máluð í heitum litum (að degi til) en hin með köldum litum (að nóttu).	
2 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfaldan hátt í eigin verkum beiti litafræði til að kalla fram ákveðin áhrif í mynd þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið, s.s. götur, torg og byggingar 	Mynddæmi af sólarlagi eða sólaruppkomu þar sem borg eða landslag mynda skuggamynd Rætt er um hvernig og hvers vegna svona skuggamyndir myndast og hvers vegna himinninn verði svona litríkur og hvaða litir séu ráðandi (heitir/kaldir)	Borg í ljósaskiptum. Nemendur teikna með Neocolor litum. Þeir byrja á að velja liti fyrir himininn og lita fast og þétt. Má blanda. Síðan teikna þeir útlínur húsa og umhverfis og fylla upp með bleki. Í seinni tímanum er notaður nagli til að skrapa smáatriði í myndina eins og glugga, bíla, hurðir og fleira	
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> skilji hlutverk línunnar til að afmarka, skilja að og mynda fleti þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum 	Innlögn um línur og hvaða hlutverki þær gegna í myndsköpun. Rætt um hvernig línur eru oft notaðar til að afmarka, skilja að og mynda fleti.	Nemendur teikna einfalda fígúru og útlínurnar eiga að vera hvítar. Þeir þurfa því að gera tvöfaldar útlínur með blýanti sem síðar verða strokaðar út.	
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur fái tækifæri að teikna og gera tilraunir út frá kveikju. Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. Að efla tengsl milli sjónskynjunar og hreyfingar handar 	Umræður um sjónskynjun og hreyfingu.	Nemendur fá fyrir mæli um að teikna ákveðna hluti fyrst venjulega, svo örvhent og loks blindandi.	
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. Að nemendur fái tækifæri að teikna og gera tilraunir út frá kveikju. 	Upplýsingatækni, iPad vinna, hópavinna	Skuggamynd og skuggamyndband í anda Lotte Reininger. Nemendur klippa út persónur og hluti úr svörtum pappír og taka upp hreyfimynd (stopmotion) í iPad	



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	<ul style="list-style-type: none"> Þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými Kynnist mismundandi aðferðum listamanna við sköpun 			
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. Að nemendur fái tækifæri að teikna og gera tilraunir út frá kveikju. Kynnist mismundandi aðferðum listamanna við sköpun Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu, rannsóknnum og reynslu. Mótun þrívíddarverks 	Umræður, sýnikennsla, munur á handverki og fjöldaframleiðslu.	Víkingaþema. Nemendur fá fræðslu um handverk frá landnámsöld og rúnir. Gera skissur. Móta sinn eigin hlut úr leir (hálsmen, brjóstnæla, perlur og þ.h.)	
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur viti að ýmsir þættir í menningu þjóða, t.d. þjóðsögur, ævintýri og goðsagnir, hafa áhrif á myndrænar frásagnir Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu, rannsóknnum og reynslu. 	Kynning á kynjaverum í tengslum við þjóðsögur og þjóðhætti. Unnið út frá bókinni <i>Íslenskar kynjaskepnur</i> .	Kynjavera. Nemendur búa til sína eigin kynjaveru eða dýr sem er samsett úr fleiri en tveimur dýrum. Teiknað með blýanti og litað með vatnslitum.	
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Byggja eigin listsköpun á ímyndunarafli sínu 	Kynning á hugtökum ímyndunarafli, sköpun, hugmynd, tjáning og frumlegt	Dútl og nostur. Nemendur nota ímyndunaraflið í að teikna á undirbúnings og án fyrirmyndar.	



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	<ul style="list-style-type: none"> Að öðlast leikni í að teikna áreynslulaust, ósjálfrátt og óundirbúið án fyrirfram ákveðinnar niðurstöðu. 			
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Að auka eftirtekt nemenda eftir efniviði fyrir hugmyndir að teikningum í hversdagslegu umhverfi Að nýta óhlutbundnar myndir sem kveikju að frumlegri hlutbundinni teikningu. Byggja eigin listsköpun á ímyndunarafli sínu Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. 	Umræður um hvernig við horfum í kringum okkur. Ef við rýnum betur og notum ímyndunaraflið má sjá ýmislegt í óhlutbundnum myndum eins og í skýjum, blettóttum húsveggjum og í náttúrunni.	Myndhvörf. Nemendur sletta kaffi á blað og láta þorna. Síðan finna þau myndir (hluti) í mynstrinu og teikna útlínur þess og skreyta.	

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.